

endurgreiða allan tjeðan kostnað Blönduóshreppi í stað  $\frac{2}{5}$  hluta samkv. lög-  
um nr. 61/1921, 1. gr.

84  
15. okt.

Útaf þessu skal það tekið fram, að nefnd lög raska í engu lögmæltum reglum um viðskifti sveitarstjórna. Dvalarsveit á aðgang að framfærslusveitinni fyrir allri þeirri upphæð, er greiða ber, en framfærslusveitarinnar er það aftur að sanna það með venjulegum skilríkjum fyrir stjórnarráðinu, hversu mikinn hluta greiða ber úr ríkissjóði og krefja greiðslu þeirrar upphæðar, enda er það ekki undantekningarlaus regla, að ríkissjóður eigi að bera  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, sbr. tilvitnaða lagagrein.

Hinn áfrýjaði úrskurður á því að standa óhaggaður. Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir tjeðum oddvita.

*Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslu-  
mannsins í Ísafjarðarsýslu, um skyldu framfærslusveitar til að  
endurgreiða dvalarsveit útlagðan flutningskostnað berklasjúklings*

85  
6. nóv.

Hreppsnefnd Kirkjubvammshrepps hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 23. okt. f. á., sem ákveður, að nefndur hreppur eigi ekki endurgjaldskröfu hjá Nauteyrarhreppi fyrir 120 kr. láni til Ásgeirs Hraundals — þá til heimilis í fyrnefndum hreppi en sveitlögum í síðarnefndum hreppi — 6. nóv. 1923, til þess að flytja konu hans berklaveika á Vífilsstaðahælið. Í skuldabryjefi fyrir láni þessu, sem veitt var eftir meðmælum hjeraðslæknis, skuldbindur maðurinn sig til að greiða skuld þessa að fullu innan  $\frac{1}{2}$  árs en verði vanskil á greiðslu, segir hann, að telja megi upphæðina sem fátækrastyrk veittan sjer, og það gerði hreppsnefndin 10. maí 1924, og krafði síðan framfærslusveitina, er synjaði endurgreiðslu. Undir meðferð málsins síðar fjell oddviti dvalarsveitar þó rjettilega frá þeirri skoðun, að reglur fátækralaganna giltu um þessa kröfu og byggir þá kröfuna á lögum um berklavarnir, nr. 43, 27. júní 1921, en við það er að athuga, að hjer er ekki um kostnað að ræða, er risinn er af framkvæmdum valdboðs hins opinbera eins og 13. gr. laganna krefst til þess, að endurgjald til dvalarsveitar fáist frá sýslusjóði framfærslusveitar sjúklings. Það ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar og ennfremur að úrskurða: Ofannefndar 120 kr. ber ekki að endurgreiða að neinu leyti úr sýslusjóði Norður-Ísafjarðarsýslu. Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar.